

*Stjórn foreldraráðs Flensborgarskólans ályktar:*

*Flensborgarskólinn hefur árum saman tekið við margbrotnum hópi nemenda og reynt að sinna honum af alefli. Ljóst má vera að fjárveitingar til skólans eru ekki í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru um þjónustu við nemendur og samfélagið.*

*Skólinn hefur verið leiðandi á mörgum sviðum t.d. hvað varðar Heilsueflandi framhaldsskóla, vinnu með hugarfar nemenda, forvarnir, góðgerðarstarfsemi og fleira. Þá er vakin athygli á t.d. glæsilegu kórstarfi til fjölda ára, samstarfi við Gaflaraleikhúsið, sigri í Morfís, tvívegis á fjórum árum, svo nokkuð sé nefnt. Skólinn starfrækir öflugasta afrekssvið landsins í samstarfi við íþróttafélög bæjarins.*

*Stjórn foreldraráðs Flensborgarskólans leggur því áherslu á að þessu góða starfi verði framhaldið og byggt undir það enn frekar.*

*Í nýrri fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir því að framlög til framhaldsskóla verði nær óbreytt á næsta ári og lækki síðan árlega til ársins 2022. Þar sé um að ræða sparnað sem sé tilkominn vegna styttingar námstíma til stúdentsprófs. Skýtur það skökku við að nú sé farið fram á aukinn sparnað þar sem ekki er svo langt síðan að lofað var af hálfu stjórnvalda að sá ávinningur og sparnaður sem af styttingu námstíma til stúdentsprófs skildi renna til skólanna.*

*Stjórn foreldraráðsins skorar á stjórnvöld að tryggja starfsfólki skólans það fjármagn sem þarf til að reka skóla sem stendur undir þeim lögum sem um skólastarf gilda.*

*Stjórn foreldraráðs Flensborgarskólans*